

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	19.3.2015
Málalykill	0048
Mál nr.	1307327



Garðabær
b.t. Lúðvíks Hjalta Jónssonar, fjármálastjóra
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Sölvhólsgötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 17. mars 2015
Tilv.: IRR11020057/21.13.1

Ísað er til bréfs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Garðabæjar, dags. 19. nóvember 2014, og bréfs sveitarfélagsins frá 28. nóvember 2014 þar sem gerð er grein fyrir framgangi mála hvað varðar endurskipulagningu þjónustu og stjórnsýslu í sameinuðu sveitarfélagi Garðabæjar og Sveitarfélagsins Álfenness á árinu 2014.

Bréfið var tekið til umfjöllunar og afgreiðslu á fundi ráðgjafarnefndar 15. desember sl.

Að teknu tilliti til áfallins kostnaðar á árinu 2014 vegna endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu í sveitarfélaginu samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að seinni hlutinn af áætluðu framlagi ársins að fjárhæð 15,0 m.kr., sbr. f-lið 1. gr. reglna nr. 295/2003, eða 7,5 m.kr. kæmu til greiðslu og var greiðslan innt af hendi 19. desember sl.

Á árinu 2014 komu jafnframt til úthlutunar og greiðslu eftirfarandi framlög vegna sameiningarinnar á grundvelli reglnanna nr. 295/2003:

- Framlag á grundvelli c-liðar 1. gr. reglnanna að fjárhæð 50,0 m.kr. sem er önnur greiðslan af þremur af samþykktu viðbótarframlagi vegna jöfnunar á fjárhagsstöðu sveitarfélaga í kjölfar sameiningar.
- Framlag á grundvelli e-liðar 1. gr. reglnanna að fjárhæð 125,0 m.kr. sem var áætlað að næmi þeirri skerðingu sem yrði á útgjaldajöfnunarframlagi sjóðsins á árinu í kjölfar sameiningar sveitarfélaganna. Að teknu tilliti til lækkunar á útgreiðslu útgjaldajöfnunarframlaga sjóðsins á árinu 2014 varð um ofgreiðslu framlagsins að ræða sem nemur 9.106,0 m.kr. Uppgjör vegna þessa mun fara fram í ár.

Á árinu 2015 nemur heildaráætlun um úthlutun framlaga á grundvelli reglnanna nr. 295/2003 samtals 165,0 m.kr. sem sundurliðast þannig:

- Framlag á grundvelli c-liðar 1. gr. reglnanna að fjárhæð 50,0 m.kr. sem er þriðja greiðsla og lokagreiðsla af samþykktu viðbótarframlagi vegna jöfnunar á fjárhagsstöðu sveitarfélaganna við sameiningu.
- Framlag á grundvelli e-liðar 1. gr. reglnanna að fjárhæð 100,0 m.kr. vegna áætlaðrar skerðingar á útgjaldajöfnunarframlagi sjóðsins á árinu í kjölfar sameiningar sveitarfélaganna. Framlagið greiðist með jöfnum greiðslum ársfjórðungslega.

- Framlag að fjárhæð 15,0 m.kr. á grundvelli f-liðar 1. gr. reglnanna. Um er að ræða lokagreiðslu framlaga vegna endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu í sameinuðu sveitarfélagi. Fyrri greiðsla framlagsins að fjárhæð 7,5 m.kr. kemur til greiðslu í júní og seinni hlutinn í desember að fenginni greinargerð um framgang mála hvað endurskipulagninguna varðar.

Fyrir hönd ráðherra


Elín Pálsdóttir


Halldór V. Kristjánsson